

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

250. FUNDUR.

250. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 19. febrúar 2015 kl. 15:00 í félagsheimilinu Ásbyrgi.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti, Elín Jóna Rósinberg, varaoddviti, Elín R. Líndal, aðalmaður, Ingimar Sigurðsson, aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson, aðalmaður og Gunnar Þorgeirsson, 2. varamaður

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Oddviti setti fund.

Oddviti bar upp við fund að setja á dagskrá fundargerð 157. fundar félagsmálaráðs undir 5. dagskrálið. Samþykkt með 7 atkvæðum

Oddviti bar upp við fund að taka af dagskrá fundargerð 156. fundar fræðsluráðs sem afgreidd var í desember. Samþykkt með 7 atkvæðum.

1. Stefán Einar Böðvarsson, minningarorð.

Elín R. Líndal flutti minningarorð fyrir hönd sveitarstjórnar.

2. Bréf frá Magnúsi Eðvaldssyni.

Erindi frá Magnúsi Eðvaldssyni, fyrsta varamanni N-listans, þar sem hann biðst undan því að taka sæti aðalmanns sökum mikilla anna og álags í öðrum störfum sínum en tekur jafnframt fram að hann sé reiðubúinn að vera áfram fyrsti varamaður listans. Erindið borið undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi bókun: „Þar með er komið á nýtt skipulag, nýr varamaður tekur sæti, Gunnar Þorgeirsson, og býður sveitarstjórn hann velkominn til starfa.“

3. Kosning í byggðarráð, fulltrúa á ársþing SSNV og varamann á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

„Byggðarráð: Lagt til að fyrsti varamaður í byggarráði, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, taki sæti sem aðalmaður og að Sigurbjörg Jóhannesdóttir verði fyrsti varamaður N-listans til byggðarráðs. Annar varamaður N-listans til byggðarráðs verði Gunnar Þorgeirsson. Nýr formaður byggðarráðs verði Elín Jóna Rósinberg og Unnur Valborg Hilmarsdóttir verði varaformaður byggðarráðs.“

Fulltrúi á ársþing SSNV: Lagt er til að nýr aðalmaður á ársþing SSNV verði Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Varamaður á Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga: Lagt til að nýr varamaður N-listans á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga verði Elín Jóna Rósinberg.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Fundargerð byggðarráðs, formaður kynnti.

Fundargerð 858. fundar, frá 2. febrúar sl. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerð borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 859. fundar, frá 9. febrúar sl. Fundargerð í 7 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga vegna 1. dagskrárliðar:

„Sveitarstjórn staðfestir breyttar reglur Hitaveitu Húnaþings vestra um ráðstöfun niðurgreiðslna vegna nýrra hitaveitna í dreifbýli í Húnaþingi vestra. Reglurnar hljóða svo eftir breytingar:

1. Gr.

Andvirðis styrks Orkusjóðs til Hitaveitu Húnaþings vestra vegna niðurgreiðslna til húshitunar skal nýta til lækkunar á inntaksgjaldi allra notenda á viðkomandi veitulegg.

2. Gr.

Nýja notendur hitaveitunnar sem þurfa að ráðast í breytingar á fasteignum sínum þ.e. að breyta úr rafofnakerfi í vatnsfnakerfi skal styrkja um Kr. 280,000- fyrstu 300m³ íbúðarhúsnaðis og 420 kr. á m³ umfram 300m³

Styrkfjárhæð þessi tekur breytingu m.v. byggingar vísitölu , 112,3 stig janúar 2012.

3. Gr.

Ef styrkur Orkusjóðs er hærri en nemur úthlutun styrkja skv. 1. og 2. gr. þá skal deila þeirri fjárhæð á milli allra notenda á viðkomandi veitulegg sem njóta rafmagnsniðurgreiðslu.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir hlutar fundargerðarinnar bornir undir atkvæði og samþykktir með 7 atkvæðum.

Fundargerð 860. fundar, frá 16. febrúar sl. Fundargerð í 10 liðum. Eftirfarandi bókun lögð fram vegna 7. dagskrárliðar, Riða í Vatnsneshólfi: „Haldinn verður íbúafundur um málið nk. fimmtudag 26. febrúar kl 20:30 í Félagsheimilinu á Hvammstanga. Jón Kolbeinn Jónsson settur héraðsdýralæknir í Norðvesturumdæmi fer yfir málið og svarar spurningum fundarmanna. Gunnar Ríkharðsson hjá búnaðarsambandinu verður fundarstjóri.“ Eftirfarandi bókun lögð fram vegna 8. dagskrárliðar „Kynningafundur vegna fyrirhugaðra hitaveituframkvæmda í Víðidal verður haldinn þriðjudaginn 10. mars nk. kl. 20:30 í félagsheimilinu Víðihlíð.“

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerð félagsmálaráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 156. fundar frá 21. janúar sl. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 157. fundar frá 18. febrúar sl. Fundargerð í 4. liðum. Eftirfarandi bókun lögð fram vegna 4. dagskráliðar „Sveitarstjórn óskar handhöfum samfélagsviðurkenningar til hamingju með viðurkenninguna og þakkar þeim fyrir framlag sitt í þágu samfélagsins í Húnaþingi vestra.“ Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Fundargerð fræðsluráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 157. fundar frá 3. febrúar sl. Fundargerð í 5 liðum.

Eftirfarandi bókun lögð fram vegna 1. dagskrárlíðar „Sveitarstjórn felur sviðsstjóra fjölskyldusviðs að vinna málið áfram og koma með tillögur til byggðarráðs.“

Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

7. Fundargerðir skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 247. fundar frá 5. febrúar sl. Fundargerð í 6 liðum.

Borinn undir atkvæði 1. dagskrárlíður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 3. dagskrárlíður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 4. dagskrárlíður fundargerðarinnar. Samþykktur með 6 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 5. dagskrárlíður fundargerðarinnar. Samþykktur með 6 atkvæðum.

Ingimar Sigurðsson víkur af fundi við afgreiðslu 4. og 5. dagskrárlíða.

Eftirfarandi tillaga borin fram vegna afgreiðslu 6. dagskrárlíðar fundargerðarinnar:

„Sveitarstjórn samþykkir landsskiptin en frestar afgreiðslu lögbylisréttar beggja jaðarhlutanna.“ Tillagan borinn undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Aðrir dagskrárlíðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 248. fundar frá 18. febrúar 2015. Fundargerð í 1 lið. 1. liður

fundargerðarinnar borinn undir atkvæði og samþykktur með 5 atkvæðum. Elín Jóna

Rósínberg og Valdimar Gunnlaugsson víkja af fundi við afgreiðslu 1. liðar.

8. Fundargerð landbúnaðarráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 130. fundar frá 5. febrúar sl. Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

9. Fundargerðir ungmennaráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 20. fundar frá 16. september sl. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 21. fundar frá 6. október sl. Fundargerð í 5 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 22. fundar frá 3. nóvember sl. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 23. fundar frá 24. nóvember sl. Fundargerð í 3 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 24. fundar frá 16. desember sl. Fundargerð í 2 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 1. lið fundargerðarinnar: „Sveitarstjórn samþykkir tillögu ungmennaráðs um að dreifnámið verði styrkt um 100.000 kr. vegna ferðar til Hólmavíkur af því framlagi sem ungmennaráð hefur til ráðstöfunar í fjarhagsáætlun 2015.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir dagskrárlíðir fundargerðarinnar og fundargerðin í heild borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 25. fundar frá 19. janúar sl. Fundargerð í 4 liðum. Lögð fram eftirfarandi bókun við 3. dagskrárlíð: „Ungmennaráði eru þakkaðar tillögur sem lagðar eru fram í skýrslu Ungmennapings 2014.“ Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 26. fundar frá 3. janúar sl. Lögð fram tillaga um að afgreiðslu fundargerðarinnar verði frestað. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

10. Skýrsla sveitarstjóra.

Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl.16:50

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Gunnar Þorgeirsson.

Elín R. Líndal.

Valdimar Gunnlaugsson.

Ingimar Sigurðsson.

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.